

REGLUGERÐ

fyrir Kjósarveitur.

I. KAFLI

Rekstrarform, tilgangur o.fl.

1. gr.

Eignarhald.

Kjósarveitur ehf. er sjálfstætt fyrirtæki, sem Kjósarhreppur á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Kjósarveitna ehf. er að meginstefnu rekstur hitaveitna og önnur sú starfsemi sem tengist vinnslu, dreifingu og sölu á heitu vatni.

3. gr.

Veitusvæði.

Veitusvæði hitaveitunnar er allt sveitarfélagið. Fyrst um sinn verður lögð áhersla á að leggja hitaveitulagnir frá borholum við Möðruvelli í Kjós upp að Hækingsdal, að Meðalfellsvatni, um Eilífsdal og Miðdal að Kiðafelli, niður að Eyri við Hvalfjörð, niður með Laxá að Hálsi og þaðan að frístundahúsahverfunum við Hvalfjörð. Heimilt er að ákvarða orkuveitusvæði veitunnar nánar á hverjum tíma á meðan uppbyggingu veitukerfisins er ekki lokið.

II. KAFLI

Stjórn Kjósarveitna.

4. gr.

Stjórn.

Aðalfundur Kjósarveitna kys 5 manna stjórn Kjósarveitna.

5. gr.

Verksvið stjórnar og veitustjóra.

Stjórn Kjósarveitna ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar. Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur veitunnar og skal í þeim efnum fara eftir stefnu og fyrirmælum sem aðalfundur og stjórn gefa. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn til veitunnar. Stjórn Kjósarveitna setur gjaldskrá um verð til notenda.

6. gr.

Fjárhagur.

Kjósarveitur skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans. Tekjum veitunnar skal varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstri og stofnkostnaði, þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar, svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum veitunnar vegna stofnkostnaðar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af aðalfundi.

Heimilt er að mynda framkvæmdasjóð er hentugur þykir til undirbúnings kostnaðarsamra framkvæmda í uppbyggingu veitunnar.

Gjaldskrá fyrir heitt vatn, sem selt er á grundvelli 30. gr. orkulaga nr. 58/1967, öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af ráðherra og birt í Stjórnartíðindum. Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að verð á heitu vatni sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, einnig skal að því stefnt að veitan skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að geta jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægt vatn á hagkvæmu verði.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Húsveita, kaupandi o.fl.

Eigandi húseignar, eða annarra mannvirkja sem tengjast veitukerfi Kjósarveitna telst eigandi húsveitu. Kaupandi vatns er sá sem skráður er fyrir viðkomandi mæli eða hemli hjá Kjósarveitum hverju sinni.

8. gr.

Afhending og meðferð vatns, eignarréttur o.fl.

Kjósarveitur afhenda heitt vatn um veitukerfi sitt í samræmi við gildandi reglugerð og gjaldskrá á hverjum tíma.

Kjósarveitum er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki stjórnar.

~~Kjósarveitum er heimilt að nota aftur heitt vatn, sem runnið hefur um hitakerfi hvers húseiganda (bakrennslisvatn) endurgjaldslaust. Heimilt er að leyfa frekari nýtingu þess svo sem til upphitunar í gripahúsum, bílastæðum, gróðurhúsum o.s.frv.~~

Kjósarveitur bera enga ábyrgð á tjóni sem kann að leiða af notkun bakrennslisvatns, s.s. frostskekkjum o.þ.h. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og annan slíkan búnað við framrás eða bakrás hitaveitunnar. Húseiganda er heimilt að setja varmaskipta á heitt neysluvatn og vatn til kyndingar, enda kosti hann þá framkvæmd sjálfur.

9. gr.

Breytingar á þrýstingi, magni o.fl.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi eða magni á heitu vatni eru án ábyrgðar Kjósarveitna. Sama gildir um hitastig heita vatnsins. Um breytingar, er stafa af öðrum ástæðum, skulu Kjósarveitur tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Rekstrartruflanir o.fl.

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða á dælustöðvum, vatnsgeymum, vatnsæðum og öðrum lögnum veitukerfa Kjósarveitna eða af öðrum ástæðum, geta Kjósarveitur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, enda tilkynni Kjósarveitur fyrirfram um slíkar takmarkanir, ef unnt er.

Kjósarveitur bera ekki, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er kunna að verða á veitukerfunum svo sem vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun á heitu vatni ákveða Kjósarveitur hvar og hvernig takmarkanir fara fram. Takmörkun um skamman tíma hefur ekki áhrif á skyldu til greiðslu mælaleigu eða fasta- og hemlagjalda.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og Kjósarveitur skulu kappkosta að koma á eðlilegum rekstri svo fljótt sem verða má.

Full vatnsgjöld, svo og fastagjald hitaveitu eða mælaleigu ber að greiða, þótt lokun fari fram og Kjósarveitur bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við veitukerfi Kjósarveitna, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein er bundin því að beint tjón orkukaupanda/húseiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna Kjósarveitna ehf.

Kjósarveitum er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á vatnsafhendingu eða vegna tímabundinnar lækkunar á hitastigi heita vatnsins.

11. gr.

Viðhald húsveitu.

Í samræmi við skyldur samkvæmt byggingarlögum og reglugerðum er húsráðendum skylt að halda vel við vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss.

12. gr.

Endursala.

Kaupendum er óheimil endursala á heitu vatni nema um það sé sérstaklega samið.

IV. KAFLI

Gjaldskrár og söluskilmálar.

13. gr.

Gild umsókn um tengingu húsveitu.

Skilyrði fyrir sölu á vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við veitukerfi Kjósarveitna. Sækja skal um tengingu á þar til gerðu eyðublaði.

14. gr.

Samningur um kaup á heitu vatni.

Heitu vatni verður ekki hleypt á húsveitu fyrr en heimæðargjald hefur verið greitt eða um það samið. Upphaf og lok samningsins um vatnskaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

15. gr.

Mælar, hemlar, stærð, gerð, prófanir o.fl.

Kjósarveitur láta hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar þeirra í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Veiturnar láta setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslisli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald veitnanna fyrir selt heitt vatn við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Kjósarveitur ráða gerð rennslismæla og hemla og sjá um viðhald og endurnýjun þeirra.

Einungis starfsmenn Kjósarveitna mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta.

Kjósarveitur ákveða stærð og gerð hemla og mæla sem notaðir eru í mælagrindur. Miðað er við að veitan selji heitt vatn um rennslismæla eða hemla. Kjósarveitur breyta stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitakerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við Kjósarveitur fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt heitavatsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 2,0 mínútulítrar. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skulu Kjósarveitur greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða Kjósarveitur, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

16. gr.

Fastagjald og gjald fyrir mælda notkun.

Gjaldi vegna kaupa á heitu vatni er skipt í fast gjald, gjald eftir hemli (lítri á mínútu) og gjald fyrir hvern seldan rúmmetra vatns samkvæmt rennslismæli auk mælaleigu. Greiðsla fastagjalds eða mælaleigu hefst þegar uppsetningu mælagrindar er lokið, óháð því hvenær vatnskaup hefst.

Kaupandi skal greiða fastagjaldið/mælaleigu þrátt fyrir stöðvun á vatnsafhendingu vegna vanskila eða annarra vanefnda kaupanda þar til samningur um kaup á heitu vatni er úr gildi fallinn vegna uppsagnar.

17. gr.

Reikningar, uppgjör o.fl.

Kaupandi skal greiða Kjósarveitum fyrir heitt vatn samkvæmt gildandi gjaldskrá Kjósarveitna. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. Kjósarveitur mega byggja reikninga á áætlun um vatnskaup og innheimta samkvæmt slíkri áætlun.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, eða ef vatnsmælir bilar áætla Kjósarveitur heitavatnsnotkun með hliðsjón af eðlilegri þörf viðkomandi húss/mannvirkis. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun, nefnast áætlunarreikningar.

Vatnsnotkun samkvæmt mælum skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá á ætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan, gegn greiðslu mælaálestrargjalds, krafist aukaálestrar og uppgjors. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnskaupin vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Reikninga ber að greiða á tilgreindum gjalddaga og eigi síðar en á eindaga. Sé reikningur eigi greiddur fyrir eindaga er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Útsending reikninga fyrir vatnsnotkun skal fara fram eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

V. KAFLI

Lagning veitukerfa, viðhald o.fl.

18. gr.

Veitukerfið.

Kjósarveitur láta leggja og eiga allar lagnir veitukerfisins. Með veitukerfi er átt við aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss til og með stofnkrana, vatnsmæli eða hemli enda er skylt að þeir séu á inntaki, sbr. 20. gr. um inntaksrými.

19. gr.

Heimæðar.

Sækja skal um lagningu heimæða til Kjósarveitna á þar til gerðu eyðublaði þegar framkvæmdir hefjast á lóð. Mælagrind hitaveitu er sett upp þegar heimæðargjald hefur verið greitt.

Kjósarveitum er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð, og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir heitt vatn við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna.

20. gr.

Um lagningu heimæða og gerð inntaksrýmis.

Við hönnun húsa skal gera ráð fyrir og staðsetja á uppdrætti rými fyrir stofnloka heimæðarmæli eða hemil og annan búnað í eigu Kjósarveitna. Inntaksrými skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Tengja skal öryggisloka hitakerfis við frárennslislagnir. Inntaksrými skal vera aðgengilegt starfsmönnun Kjósarveitna.

Kjósarveitur annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitur. Þó skal húseigandi/húsbyggjandi koma fyrir inntaksvinklum og/eða ídráttarinntaksbeygjum í samráði við Kjósarveitur.

Kjósarveitur ákveða hvort lagt er einfalt eða tvöfalt (framrásar- og bakrásarkerfi) kerfi að húsi. Við framkvæmdir skulu Kjósarveitur halda raski í lágmarki og ganga þrífalega um. Jafnframt skulu Kjósarveitur færa allt til fyrra horfs, eftir því sem við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu til sérstakrar greiðslu vegna lagningar veitukerfa Kjósarveitna.

21. gr.

Kostnaður við tengingu.

Kjósarveitur kosta lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir heimðargjald samkvæmt gjaldskrá, fyrir hverja heimæð með mæli eða hemli.

22. gr.

Kostnaður við breytingar.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi greiða.

Húseigandi greiðir breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi Kjósarveitna.

23. gr.

Upphaf notkunar.

Engir aðrir en umboðsmenn Kjósarveitna mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

24. gr.

Aðgangur að veitukerfi, lögnum o.fl.

Kjósarveitur hafa rétt til aðgangs að húsnaði því, sem tengt er veitukerfi hennar, til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Í þeim undantekningartilfellum, þar sem inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi, skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stokk sem auðvelt er að opna, og ber húseigandi ábyrgð á tjóni er leki á slíkri millilögn kann að valda.

Óheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur, og geta Kjósarveitur krafist úrbóta sé frágangur umhverfis mælagrind ekki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Kjósarveitur geta lagfært slíka ágalla á kostnað húseiganda verði dráttur á úrbótum, sbr. 30. gr.

25. gr.

Viðhald heimæða.

Við viðhald heimæðar skulu starfsmenn Kjósarveitna halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um. Sé nauðsynlegt vegna bilunar eða endurnýjunar á heimæð að grafa upp heimæðina er starfsmönnum veitunnar það heimilt, en færa skulu þeir lóð til fyrra horfs eins og unnt er.

Starfsmönnum Kjósarveitna er heimilt vegna endurnýjunar heimæðar að leggja hana á öðrum stað frá dreifið í hús, telji þeir það heppilegra til að forðast skemmdir. Enn fremur er starfsmönnum heimilt að höfðu samráði við húseiganda, að fara með heimæð inn í hús á öðrum stað, ef ekki er unnt að nota þann stað sem fyrir er, nema valda miklu og/eða óbætanlegu tjóni. Hafi húseigandi gróðursett trjáplöntur, steipt veggi, stéttar, bifreiðastæði eða annað sambærilegt yfir heimæð, eða lagt yfir hana snjóbræðslukerfi, bera Kjósarveitur ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að verða vegna nauðsynlegra aðgerða veitunnar, nema tjónið verði rakið til gáleysis starfsmanna hennar.

Eigandi fasteignar á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna viðhalds eða endurnýjunar heimæðar.

VI. KAFLI

Innheimta vanskila, viðurlög við brotum o.fl.

26. gr.

Um stöðvun vatnsafhendingar vegna vanskila.

Kjósarveitur hafa rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til kaupanda sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Kjósarveitur bera ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Kjósarveitur hafa rétt til að krefja kaupanda um greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er Kjósarveitum að krefjast greiðslu þessarar áður en heitavatnsafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar á afhendingu á heitu vatni er Kjósarveitum heimilt að krefja kaupanda um gjald vegna undirbúnings að stöðvun. Fastagjald/mælaleiga greiðist þó vatnsafhending hafi verið stöðvuð.

27. gr.

Innsigli, ólögmæt notkun o.fl.

Starfsmenn Kjósarveitna innsigla hemla og mæla, svo og annan þann inntaksbúnað í eigu Kjósarveitna, er þurfa þykir. Þessi innsigli mega engir aðrir en starfsmenn Kjósarveitna rjúfa. Ef rofið er innsigli á búnaði Kjósarveitna varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum, sama á við um ólögmæta vatnsnotkun.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi strax tilkynna Kjósarveitum um atvikið (neyðartilvik).

Húseigandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu Kjósarveitna og greiðir hann kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum eða þeirra aðila sem hann ber ábyrgð á.

Húseiganda/kaupanda ber tafarlaust að tilkynna, til Kjósarveitna, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum veitunnar.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem Kjósarveitur hefir veitt umboð til þess. Sé húsveita tengd heitavatnskerfi Kjósarveitna í heimildarleysi, geta Kjósarveitur aftengt húsveituna fyrirvaralaust. Fara skal með slíkt brot sem ólögmæta vatnsnotkun.

Verði uppvíst að vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun, skulu Kjósarveitur áætla það vatnsmagn sem notað hefur verið með ólögmætum hætti og innheimta sérstaklega.

28. gr.

Vanræksla.

Vanræki húseigandi að vinna verk, sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari að framkvæma, eða sé verk ekki unnið á viðunandi hátt, er Kjósarveitum heimilt að láta vinna það á hans kostnað, hafi hann ekki orðið við tilmælum um að vinna verkið innan tiltekins frests.

29. gr.

Aðför - fjárnám.

Öll gjöld vegna heits vatns þ.m.t. heimæðargjald samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi, skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

30. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

- ~~Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. janúar 2017.~~ -

- ~~Ragnheiður Elín Árnadóttir~~
~~iðnaðar- og viðskiptaráðherra.~~

- ~~Ingvi Már Pálsson.~~ -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.